



Verkfræðingafélag Íslands

## Samþykktir Öldungadeildar VFÍ

### 1. grein.

Deildin heitir Öldungadeild Verkfræðingafélags Íslands, skammstarfað ÖVFÍ, og starfar innan Verkfræðingafélags Íslands.

### 2. grein.

Markmið deildarinnar er einkum:

- Að efla og viðhalda kynnum félagsmanna.
- Að styðja starfsemi Verkfræðingafélags Íslands.
- Að standa að fræðslu fyrir félagsmenn.

### 3. grein.

Félagar Öldungadeildar VFÍ geta orðið allir félagsmenn í Verkfræðingafélagi Íslands (VFÍ) sem náð hafa 65 ára aldri.

### 4. grein.

Stofnfélagar teljast þeir sem mættu á stofnfund deildarinnar 27. mars 2019 og þeir aðrir sem láta skrá sig í deildina innan mánaðar frá stofnfundi.

### 5. grein.

Deildin vinnur að markmiðum sínum með því að standa að fræðslu og samkomuhaldi. Má þar til dæmis nefna: - Menningartengt efni.

- Framkvæmdir á döfinni.
- Yfirstandandi framkvæmdir.
- Samfélagsmál.
- Námskeið fyrir félagsmenn og kynnisferðir innanlands sem utan.

### 6. grein.

Stefnt er að því að halda minnst fjóra fundi eða viðburði á hverju starfsári. Heimilt er að taka með sér gesti og eru fundir deildarinnar opnir öllum félagsmönnum í VFÍ.

### 7. grein.

Stjórn ÖVFÍ er skipuð fimm mönnum sem kosnir eru á aðalfundi deildarinnar til tveggja ára í senn. Formaður er kosinn sérstaklega og er talsmaður deildarinnar. Stjórnin skiptir með sér verkum. Tvo af meðstjórnendum skal kjósa á hverjum aðalfundi. Hverfi stjórnarmaður úr stjórn áður er kjörtímabili hans lýkur, skal kjósa mann í hans stað á næsta aðalfundi.

### 8. grein.

Stjórnin getur skipað einstakar nefndir til að annast tiltekin verkefni.

### 9. grein.

Deildin skal gefa aðalfundi Verkfræðingafélags Íslands skýrslu árlega. Hvorki deildin né einstakir félagar hennar mega koma fram opinberlega í nafni VFÍ nema að fengnu samþykki stjórnar VFÍ.

**10. grein.**

Engin árgjöld eru í ÖVFÍ en heimilt er að innheimta greiðslu fyrir einstaka viðburði, enda sé þess getið í fundarboði.

**11. grein.**

Aðalfundur hefur æðsta vald í málefnum deildarinnar. Hann skal halda að vori og eigi síðar en í maí. Aðalfundur skal boða með rafrænum hætti með fjórtán daga fyrirvara. Tillögur sem eiga að fara fyrir aðalfund deildarinnar skulu berast stjórn ÖVFÍ sjö dögum fyrir aðalfund.

**12. grein.**

Dagskrá aðalfundar skal vera:

1. Skýrsla stjórnar.
2. Umræða um skýrslu stjórnar.
3. Kosning formanns og stjórnar.
4. Breytingar á samþykktum ÖVFÍ.
5. Önnur mál

*Staðfest af stjórn VFÍ 7. mars 2019.*

*Samþykkt á stofnfundi Öldungadeildar VFÍ þann 27. mars 2019.*

*Breytingar samþykktar á aðalfundi 4. maí 2022.*